

FUNDARBOÐ

254. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn Hjálmaklettur, fimmtudaginn 13. júní 2024 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2312029 - Reglur um greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum

Þann 21.05.24 voru lagðar fram tillögur að breytingu reglna á greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum fyrir Velferðarnefnd. Eftirfarandi er bókun nefndarinnar: Samþykkt samhljóða. Málið vísað til endanlegrar ákvörðunar til sveitastjórnar.

2. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Kosningar skv. samþykktum Borgarbyggðar í júní ár hvert. Kosið er um eftirfarandi embætti:

1. Kosning forseta sveitarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.
2. Kosning aðalmanna í byggðarráð til eins árs.
3. Kosning varamanna í byggðarráð til eins árs.
4. Kosning fimm fulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi til eins árs og fimm til vara.

Framlögð tillaga að forseti sveitarstjórnar til eins árs verði : Guðveig Lind Eyglóardóttir

Framlögð tillaga um að 1. varaforseti sveitarstjórnar verði : Eva Margrét Jónudóttir

Framlögð tillaga um að 2. varaforseti sveitarstjórnar verði: Sigurður Guðmundsson

3. 2206037 - Sumarleyfi sveitarstjórnar

Lagt er til að við sveitarstjórn að fella niður fund sveitarstjórnar í júlí vegna sumarleyfa. Fyrsti fundur eftir sumarleyfi verði 15. ágúst. Lagt er til við sveitarstjórn að nefndir hafi heimild til þess að funda ekki í júlí nema nefndarritari og formaður telji ekki unnt að fella niður fund vegna afgreiðslu mála. Lagt er til að byggðarráði verði heimilað að fækkað fundum sínum í júlí, þó þannig að tveir fundir verði haldnir í mánuðinum.

4. 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

Afgreiðslur frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 673: "Framlögð tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

Byggðarráð staðfestir fjárheimild vegna niðurstöðu dóms Hæstaréttar í Króksmáli málsnr. 1812074. Málið og framgangur þess var í gegnum öll dómsstig á höndum byggðarráðs og fellur dæmdur kostnaður því beint á sveitarsjóð.

Annar aukinn kostnaður kemur til vegna rýnivinnu á fyrirkomulagi sorphirðu, kostnaður vegna þjónustusamnings um söfnun dýraleifa, vinnu við jafnlaunaúttekt og fjárfestingarrámmi hækkar vegna samþykkis á veitingu stofnfjárframlags vegna nemendagarða við Menntaskóla Borgarfjarðar og vegna biðskýlis. Samþykkt samhljóða að hækka fjárheimildir vegna rekstrar um 10,7 m.kr. og fjárfestingarramma ársins um 19,6 m.kr. í samræmi við ofangreint."

5. 2310258 - Sameiningarviðræður milli Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Í bréfi dagsettu 31. maí 2024 leggur verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja að gengið verði til formlegra viðræðna um sameiningu skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

6. 2406027 - Jafnlaunastefna - uppfærsla 2024

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 673: "Uppfærð Jafnlaunastefna lögð fram í tengslum við endurvottun jafnlaunakerfis.

Framlagt og þakkar byggðarráð fyrir góða vinnu. Vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

7. 2302046 - Hótel Varmaland - Aðalskipulagsbreyting

Afgreiðsla 66. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sitt leyti. Breytingartillagan tekur til stækkunar á verslunar og þjónustusvæði S8 um 0,2 ha á kostnað Íbúðarsvæðis Í4 og aukningar á nýtingarhlutfalli úr 0,42 í 0,81. Samþykkt samhljóða."

8. 2405301 - Eskiholtsskógur - Umsókn um aðalskipulagsbreytingu

Afgreiðsla 66. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar sem felst í að aflétta landnotkun frístundabyggðar (F37) á 8,2 ha svæði svo eftir standi landbúnaðarland. Breytingin er gerð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Niðurstaðan skal auglýst og breytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Samþykkt samhljóða."

9. 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks

Afgreiðsla 670 fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Framlagður þjónustusamningur milli félags- og vinnumálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Borgarbyggðar um samræmda móttöku flóttafólks. Samningur lítilega uppfærður m.v. afgreiðslu frá 248. fundi sveitarstjórnar en breyting felst aðallega í því að staðfestur er fjöldi notenda allt að 140 og uppgjörsferill hefur verið einfaldaður.

Byggðarráð samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

10. 2405036 - Skip 6710 - Beiðni um áritun á skjal um að nýta ekki forkaupsrétt

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 670: "Framlögð yfirlýsing um að Borgarbyggð afsali sér forkaupsrétti að Hvítá MB-7 sbr. lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. 12.gr. 3. mgr.

Byggðarráð samþykkir að Borgarbyggð afsali sér forkaupsrétti að Hvítá MB 7 og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

11. 2404226 - Launagreining

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 670: "Framlagt tilboð frá Ráði ehf. í innri úttekt vegna vinnu við launagreiningu hjá Borgarbyggð í tengslum við uppfærslu á jafnlaunavottun.

Byggðarráð samþykkir framlagt tilboð og vísar fjármögnun til viðauka við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða."

12. 2302057 - Grenihlíð 3 Varmalandi - stækkun lóðar - fyrirspurn

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 670: "Landeigandi Grenihlíðar 3 (Inr. 134952) óskar eftir því við Borgarbyggð að kaupa 700fm úr landi sveitarfélagsins í Varmalandi. Lóðin verður áfram íbúðarhúsalóð. Meðfylgjandi eru drög að lóðablaði sem sýnir lögum og stærð fyrir og eftir stækkun lóðarinnar.

Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga við landeiganda Grenihlíðar 3 um sölu á samtals 700fm úr landi Borgarbyggðar og stækka lóðina í samræmi teikningu á lóðarblaði með fyrirvara um lagfæringu á innsláttarvillu um heildarstærð nýrrar lóðar. Lóðin verður áfram nýtt sem íbúðarhúsalóð. Samþykkt samhljóð.

13. 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes

Afgreiðsla frá fundi skipulags- og byggingarnefndar nr. 65: "Lögð er fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 fyrir íþróttasvæði O1, Íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 í Borgarnesi. Tilgangur breytingar er að skilgreina nánar fyrirhugaða uppbyggingu á núverandi íþróttasvæði í Borgarnesi. Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar var auglýst skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 21.03.2024 til 07.04.2024.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að klára uppdrátt og greinargerð tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til samþykktar á næsta sveitarstjórnarfundum. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að haldinn verði íbúafundur til kynningar á aðalskipulagstillögunni í maí. Samþykkt samhljóða."

14. 2406016 - Nemendagarðar Menntaskóla Borgarfjarðar - umsókn um stofnframlag

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 673: "Framlögð umsókn frá Nemendagörðum Menntaskóla Borgarfjarðar um viljrði fyrir 12% stofnframlagi vegna uppbyggingar 12 námsmannaíbúða í samræmi við lög um almennar íbúðir og reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðisstofnanir og almennar íbúðir. Einnig

lögð fram drög að kostnaðaráætlun og sviðsmyndagreining fyrir rekstur.

Byggðarráð tekur vel í beiðni Nemendagarða Borgarfjarðar og er reiðubúið að veita vilyrði um stofnframlag í samræmi við framlögð gögn, lög um almennar íbúðir og reglugerð um stofnframlög. Áætlanir sýna sjálfbæran rekstur og hóflega skuldsetningu. Stofnframlag Borgarbyggðar skv. áætlun er að fjárhæð um 34 m.kr. Ekki liggur fyrir hvenær stofnframlag yrði greitt en því er beint til viðauka við fjárfestingaráætlun 2024 að allt að helmingur fjárhæðar verði greiddur á yfirstandandi ári. Samþykkt samhljóða."

15. 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 673: "Framlögð uppfærð kostnaðaráætlun hönnuða vegna fjölnota íþróttahúss - knatthúss.

Framlagt. Kostnaðaráætlun hefur tekið breytingum í samræmi við þróun verðlags, uppfærslu á upphaflegri hönnun, kostnaðargrunni ofl. Ekki er þó ástæða til að breyta samþykktu fjárheimild fyrir yfirstandandi ár. Í samræmi við 66. grein sveitarstjórnarlaga felur byggðarráð sveitarstjóra að láta fara fram sérstakt mat á áhrifum byggingar fjölnota íþróttahúss - knatthúss á fjárhag Borgarbyggðar. Byggðarráð felur sveitarstjóra að hefja undirbúning að forvali og útboði á grundvelli framlagðra gagna.

Samþykkt samhljóða.

Þann 19. júní er áformað opið hús til kynningar á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæðið. Jafnframt fer þar fram kynning á áformuðu fjölnota íþróttahúsi - knatthúsi. Vegna umfangs deiliskipulagsverkefnisins ákvað Borgarbyggð að láta vinna vinnslutillögu og hefur hún verið til kynningar og umsagnar í Skipulagsgátt. Í framhaldi af íbúafundi verður deiliskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn. Í kjölfarið er áætlað að hún verði auglýst í Skipulagsgátt og gefst þá lögbundinn frestur til að skila inn athugasemdum við sjálfa deiliskipulagstillöguna."

16. 2402021 - Húsnæðisáætlun 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 673: "Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar fullunninn lögð fyrir byggðarráð.

Húsnæðisáætlun 2024 framlögð og er vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

17. 2405282 - Listamanneskja Borgarbyggðar 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 673: "Umræða um fyrirkomulag vals á listamanneskju Borgarbyggðar 2024.

Byggðarráð felur Þórunni Kjartansdóttur forstöðumanni menningarmála, Guðveigu Lind Eyglóardóttur forseta sveitarstjórnar og Bjarneyju L. Bjarnadóttur sveitarstjórnarfulltrúa að fara yfir tilnefningar um Listamanneskju Borgarbyggðar að loknum fresti til að senda inn tilnefningar sem er 11. júní og gera tillögu til sveitarstjórnar fyrir sveitarstjórnarfund 13. júní næst komandi. Í samræmi við hefð er mikilvægt að leynd sé haldið um hver hlýtur sæmdarheitið þar til við hátíðarhöld 17. júní. Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

18. 2405007F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 670

- 18.1 2310004 - Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga
- 18.2 2404264 - Mál kærufndar húsamála nr. 352024 - Óskað eftir greinargerð varnaraðila
- 18.3 2405004 - Innviðaráðuneytið - kvartanir vegna stjórnsýslu sveitarfélags
- 18.4 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 18.5 2401059 - Mælaborð um fjárhag sveitarfélaga
- 18.6 2403259 - Orkusalan - Ríkiskaupasamningur frá 2020
- 18.7 1812074 - Krókur - Hlutdeild í girðingarkostnaði, krafa
- 18.8 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 18.9 2301130 - Sveitarstjórnarfundur unga fólksins
- 18.10 2405036 - Skip 6710 - Beiðni um áritun á skjal um að nýta ekki forkaupsrétt
- 18.11 2404226 - Launagreining
- 18.12 2302057 - Grenihlíð 3 Varmalandi - stækkun lóðar - fyrirspurn
- 18.13 2310104 - Starfsemi fjölskyldusviðs 2024
- 18.14 2405050 - Til umsagnar 925. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis
- 18.15 2403092 - Fundargerðir 2024 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

19. 2405015F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 671

- 19.1 2404143 - Tilkynning um kæru nr. 442024, Daltún
- 19.2 2405085 - Upplýsingar frá aðalfundi Landssambands veiðifélaga
- 19.3 2003153 - Snældubeinsstaðir - íbúabyggð
- 19.4 2112004 - Hitaveita Varmalands
- 19.5 2404110 - Stígur upp frá Fitjum meðfram Snæfellsnesvegi
- 19.6 2402069 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 19.7 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.

20. 2405019F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 672

- 20.1 2302065 - Ungmennahús - Rými X
- 20.2 2405266 - Fjárfestingaráætlun 2024 - 2027 - þróun verkefna
- 20.3 2212140 - Slökkvilið og Lögregla - Sameiginlegt húsnaði - Hugmyndavinna
- 20.4 2105052 - Sögutorgin, Smoties - Rannsóknarverkefni - Þéttbýlisgreining
- 20.5 2405263 - Brákarhátíð og Hinseginhátíð Vesturlands 2024
- 20.6 2405004 - Innviðaráðuneytið - kvartanir vegna stjórnsýslu sveitarfélags
- 20.7 2405241 - Ályktanir Ferðafélags Borgarfjarðar um gönguleiðir við Borgarnes
- 20.8 2405262 - Holtið - kynning á sveitarfélaginu
- 20.9 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag
- 20.10 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 20.11 2403003 - Fundargerðir stjórnar SSV 2024.
- 20.12 2403003 - Fundargerðir stjórnar SSV 2024.
- 20.13 2405268 - Tillögur að breytingu á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits

- 20.14 2402261 - Tækjakaup Slökkviliðs Borgarbyggðar
- 20.15 2401262 - Eigendafundur OR 2. febrúar 2024
- 20.16 2405282 - Listamanneskja Borgarbyggðar 2024

21. 2406000F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 673

- 21.1 2406016 - Nemendagarðar Menntaskóla Borgarfjarðar - umsókn um stofnframlag
- 21.2 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knattþús
- 21.3 2405293 - Umsókn um lóð - Vallarás 14
- 21.4 2105052 - Sögutorgin, Smoties - Rannsóknarverkefni - Þéttbýlisgreining
- 21.5 1910048 - Landsáætlun Samningur Glanni-Paradísarlaut
- 21.6 2402021 - Húsnæðisáætlun 2024
- 21.7 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 21.8 2406011 - Ársskýrsla landskjörsstjórnar 2023
- 21.9 2406017 - Aðalfundur Nemendagarða MB 2024
- 21.10 2404015 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 21.11 2403092 - Fundagerðir 2024 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands.
- 21.12 2404015 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 21.13 2405282 - Listamanneskja Borgarbyggðar 2024
- 21.14 2406027 - Jafnlaunastefna - uppfærsla 2024
- 21.15 2406004 - Niðurstaða umhverfismats og rökstuðningur aðalvalkosta Holtavörðuheildarlínu 1

22. 2406003F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 66

- 22.1 2405286 - Digranesgata 4B - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 22.2 2402195 - Sigmundarstaðir - Mælimastur á Grjóthálsi - umsókn um deiliskipulag - L134748
- 22.3 2406009 - Borgarbraut 47 - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 22.4 2401298 - Háreksstaðir L134769 - Umsókn um byggingarleyfi_ frístundahús
- 22.5 2404190 - Jónstún - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 22.6 2405301 - Eskiholtsskógur - Umsókn um aðalskipulagsbreytingu
- 22.7 2405279 - Jaðar 24 - umsókn um breytingu á landheiti - 212985
- 22.8 2302046 - Hótel Varmaland - Aðalskipulagsbreyting
- 22.9 2105052 - Sögutorgin, Smoties - Rannsóknarverkefni - Þéttbýlisgreining
- 22.10 2405009F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 32
- 22.11 2405011F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 33
- 22.12 2405013F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 34
- 22.13 2406002F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 35
- 22.14 2405004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 227
- 22.15 2406004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 228

23. 2405012F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 148

- 23.2 2312029 - Reglur um greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum
- 23.3 2404069 - Tilkynning um frumkvæðisathugun á þjónustu í búsetuúrræðum fatlaðs fólks
- 23.5 2404321 - Farsældardagur Vesturlands 2024
- 23.6 2007082 - Félagsstarf aldraðra
- 23.7 2311316 - Velferðarþjónusta á Vesturlandi

24. 2405024F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 149

- 24.2 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð
- 24.3 2311278 - Gott að eldast

25. 2405010F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 63

- 25.1 2406030 - Tilkynningar um ágansfé árið 2024
- 25.2 2406031 - Göngustígakerfi í Borgarbyggð - Vegagerðin
- 25.3 2401046 - Gámastöðin Sólbakka - Sólarhringsopnun
- 25.4 1809017 - Umsókn um styrk og ósk um samstarfssamning

11.06.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.